

# Nesfréttir

JÚLÍ 2022 • 7. TBL. • 35. ÁRG. • borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Hátt í fjögur þúsund manns tóku þátt 17. júní hátíðarhöldin á Seltjarnarnesi á þjóðhátíðardaginn í ljómandi finu veðri og einkenndist stemningin í Bakkagarði af gleði og góðri samveru bæjarbúa. Sjá nánar um hátíðarhöldin á bls. 6 og 7.



**Velkomin á Grandann**  
Nú sækjum við og skilum bílnum



**AFGREIÐSLUTIMI**  
mán. – fös. kl. 8–16:30



Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



**Fáðu lyfin send heim FRÍTT**

REYKJAVÍKUR APÓTEK

Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTURUVÖRUR

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

**ÚTGEFANDI:** Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S:** 511 1188 • 895 8298

**RITSTJÓRI:** Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMADUR:** Kristján Jóhannsson

**BLAÐAMADUR:** Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson

**NETFANG:** borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Endabyggð

Talið er að þegar Gróttubyggð á landi Bygggarða verður risin telst Seltjarnarnes fullbyggt. Gróttubyggðin verður ysta byggðin á Nesinu í næsta nágrenni við náttúru- og útivistarsvæði Seltjarnarness.

Nágrannar tilvonandi íbúa Gróttubyggðar verða meðal annars Náttúruminjasafnið. Hjúkrunarheimili eldri borgara og Ráðagerði þar sem mikil uppbygging á sér stað. Tæpast er hægt að hugsa sér betra búsvæði. Í tunganrði náttúru og menningar.

Engar líkur eru til að byggt verði á svokölluðum vestursvæðin á Seltjarnarnesi. Hugur flestra Seltirninga mun standa til að þau verði varðveitt sem græn óbyggð útivistarsvæði.

Vestursvæðin eru ekki víðerni í almennum skilningi þess orðs. Þau eru gamalt landbúnaðarland. Hagar og heyskaparland þeirra tíma er útvegs búskapur var ráðandi atvinnuvegur á Nesinu. Búendur gerðu út til sjávar en nytjuðu landið til fódurs fyrir búpening sem var hluti þeirra atvinnuhátta.

Þótt ekki sé um náttúruleg víðerni að ræða er nauðsynlegt fyrir Seltirninga að varðveita þetta græna svæði, viðhalda því og nýta það til útivistar.

Gróttubyggð er endurbyggð í tvennum skilningi. Hún er á enda byggðarinnar og hún mun einnig marka enda byggingarsögu á Seltjarnarnesi.



Starfsfólk Umhverfisstofnunar að tína rusl í fjörunni á Nesinu.  
Mynd: Umhverfisstofnun.

## Biður Seltirninga að gæta að hvað fari í klósettið

Svo virðist sem fólk á Seltjarnarnesi hugi ekki nægilega vel að því hvað fer ofan í frárennslið. Starfsmenn Umhverfisstofnunar tíndu rusl í fjörunni í Bakkavík á Seltjarnarnesi fyrir skömmu og fundu þá meðal annars 934 blautklúta. Þetta er næst mesti fjöldi klúta sem hafa fundist í einni ferð síðan vöktun hófst.

Í tilkynningu á vef Umhverfisstofnunar kemur fram að í júlí árið 2019 hafi 977 klútar fundist í einni fjöruferðinni og Seltirningar því nálægt því að slá vafasamt met. Í tilkynningunni ítrekar stofnunin að klósettið sé ekki ruslafata og að í það eigi einungis að fara það sem fólk ætur þar frá sér auk klósettpappírs. Vöktunin í Bakkavík felur í sér að tína rusl á hundrað metra kafla fjórum sinnum á ári. Það eru þó ekki einungis blautklútar sem skolast með skólpi í sjóinn en einnig finna starfsmenn stofnunarinnar þar eynapinna, dömubindi og fleira.



### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna

Drögólís 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

### Við þjónustum allar gerðir bíla

#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingarfélaganna.

#### Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjóbúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum





Börnin afhentu framlag sitt.

## Söfnuðu fyrir börn í Úkraínu

Unicef á Íslandi færa nemendum í Valhúsaskóla hjartans þakkir fyrir dýrmætt framlag sitt í neyðarsöfnunina okkar fyrir börn frá Úkraínu um miðjan júní.

Nemendur í unglingadeildinni söfnuðu framlögum með kaffisölu,

flóamarkaði og armbandssölu á opnu húsi í skólanum og sýndu einnig verkefni sem tengjast börnum á flóttu. Frábært framtak sem virkilega skiptir máli segir í frétt frá Unicef.

## Næturstærátó ekur út á Nes

Næturstærátó snýr aftur um helgar og mun keyra úr miðbænum og út í hverfin. LEIÐ107 mun keyra á Seltjarnarnesið sem hér segir: Fer frá Hlemmi kl. 01:20, 02:00, 02:40 og 03:20. Leiðin ekur niður Hverfisgötu, fram hjá Ráðhúsinu, um Suðurgötu, Hjarðarhaga, Ægissíðu, Nesveg, Suðurströnd, Lindarbraut, Norðurströnd og Eiðisgranda.

Ný stjórn Strætó tók samhuga þá ákvörðun að svara ákalli íbúa höfuðborgarsvæðisins um aukna þjónustu og fjölbreyttari samgöngukosti út úr miðborg Reykjavíkur um helgar. Sjö næturleiðir munu aka frá miðbænum og út í hverfin, en árið 2020 voru þessar leiðir fimm. Næturstærátó ekur úr miðbæ Reykjavíkur á aðfaranóttum laugardags og sunnudags og er aðeins hægt að taka næturstærátó út úr miðbænum en ekki til baka. Vagnarnir aka ekki skv.



Næturstærátó aftur farinn að aka.

hefðbundinni tímatöflu og því er einungis gefinn upp brottfarartími úr miðbænum en vagnarnir aka inn í hverfin án þess að tímajafna. Viðskiptavinir sem ætla að nýta vagninn á miðri leið er bent á að fylgjast með staðsetningu vagna í rauntíma í Klapp appinu, Strætó appinu eða inn á heimasíðu Strætó.

ÓGLEYMANLEG  
UPPLIFUN  
Í MAT OG DRYKK

HÉÐINN  
KITCHEN & BAR

SELJAVEGI 2,  
101 REYKJAVÍK



## Fengu viðurkenningar fyrir jafningjafræðsluverkefni



Krakkar í 8. og 9. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness fengu afhentar viðurkenningar í lok maí fyrir þátttöku í jafningjafræðsluverkefni SAFT. Skólinn verðlaunaði nemendur með veitingum en þau stóðu sig öll mjög vel. Á myndinni má sjá krakkana með viðurkenningarnar.

## Þrjú börn tengd forsetum í leik hjá Gróttu



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands ar að sjálfsögðu mættur á leikinn á spjallar hér við barnabörn forsetanna.

Í leik Gróttu gegn Álftanesi í Síamótinu í knattspyrnu á dögum vildi þannig til að þrjú afkomendur forseta tóku þátt í leiknum. Edda dóttir Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands var í liði Álftanes. Í liði Gróttu voru svo Fanney, sem er barnabarn Ólafs Ragnars Grímssonar og Arney sem er barnabarnabarn Kristjáns Eldjárns.

Knattspyrnudeild Gróttu hefur greint frá þessu á samfélagsmiðlum. Guðni Th. Jóhannesson er sitjandi forseti Íslands og er sá sjötti til þess að gegna embættinu. Hann var kjörinn forseti árið 2016 og endurkjörinn árið 2020. Ólafur Ragnar Grímsson varð fimmti forseti Íslands eftir að hafa verið kjörinn árið 1996 og gegndi embættinu til ársins 2016. Kristján Eldjárn varð þriðji forseti Íslands eftir að hafa verið kjörinn í embættið árið 1968. Hann lét af embætti árið 1980.



# HÚSAVIÐGERÐIR.IS

## ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook



Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)



# husgje

COFFEE & MICRO BAKERY  
SELJAVEGI 2  
101, REYKJAVÍK  
OPIÐ ALLA DAGA 8-17





# Old boys Gróttu vann Pollamótið

Old boys Gróttu bar sigur úr bítum í öðlingadeild, keppni þeirra elstu á Pollamóti Þórs og Samskipa í knattspyrnu á dögnum sem fór fram á Akureyri. Mikil spenna var fyrir síðustu umferð í deildinni en Gróttu vann sinn leik 10:1 eftir að staðan var 3:1 í hálfleik. Öll enduðu liðin jöfn að stigum en Gróttu vann mótið á markamun.

Þór Sigurgeirsson sem nýlega tók við sem bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, mætti með sínum mönnum á mótið. Hann hefur raunar jafnan mætt á Pollamótið, oftast sem leikmaður, en lét það ekki aftra sér að meiðsli kæmu í veg fyrir að hann gæti spilað að þessu sinni. Þór vakti af þessu tilefni athygli á því að með Pollamótsbikarnum væri fyrsta kosningaloforð hans komið í hús. Garðar Guðmundsson stofnandi Gróttu hefur stýrt liðinu á öllum Pollamótum frá upphafi eða frá 1988. Það eru komin 34 ár og þetta er í annað skipti sem Gróttu ber sigur úr bítum. Seltirningarnir fögnuðu líka sigri fyrir fjórum árum. Á fyrstu æfingu Gróttu undir stjórn Garðars voru tveir liðsfélagar á verðlaunapalli nú, heilum 55 árum síðar, og enn spila þeir undir styrkri handleiðslu Garðars. Þeir eru Franz Ploder og fyrirliðinn Ólafur Garðarsson.



Keppnislið Old boys Gróttu ásamt Garðari Guðmundssyni þjálfara sínum.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉDINN  
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM  
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

**UNGLINGA  
LANDSMÓT  
UMFÍ** **SELFOSS  
29.-31. JÚLÍ**

ALLT UM  
MÓTIÐ Á  
ULM.IS





# Fjölmenni og gleði einkenndi 17. júní á Seltjarnarnesi

**Þau heppnuðust svo sannarlega vel 17. júní hátíðarhöldin á Seltjarnarnesi loks þegar halda mátti upp á þjóðhátíðardaginn með pompi og prakt án allra samkomutakmarkana. Hátt í fjögur þúsund manns tóku þátt í ljómandi fínu veðri og einkenndist stemningin í Bakkagarði af gleði og góðri samveru bæjarbúa.**

Ekki var annað sjá og heyra en að allir hafi skemmt sér vel og notið alls þess sem boðið var upp á enda dagskráin bæði fjölbreytt og metnaðarfull. Fjöldi fólks nýtti sér gott boð um

bátasiglingu frá smábátahöfninni og fjölmenni marseraði í skrúðgöngunni undir taktföstum tónum lúðrasveitar Tónlistarskólans með fánabera frá Ungliðadeild björgunarveitarinnar í broddi fylkingar. Jón Jónsson stóð sig frábærlega á stóra sviðinu og hélt uppi stemningunni eins og honum einum er lagið sem og voru Bríet, ræningjarnir úr Kardimommubænum og Friðrik Dór meiriháttar. Þór Sigurgeirsson flutti jómfrúarræðu sína sem bæjarstjóri og Sjöfn Þórðardóttir sem var fjallkonan 2022 var

afar glæsileg og fór vel með ljóðið Vornótt eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Öll fjölbreyttu leiktækin, hestarnir, andlitsmálningin, kandíflossið og aðrar góðar veitingar vöktu að vanda mikla lukku ungu kynslóðarinnar með tilheyrandi biðröðum. Bara allt eins gott og það á að vera á 17. júní!

*Ljósmyndir: Seltjarnarnesbær og Bryndís Ragnarsdóttir ljósmyndari.*









## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Síðustu dagar í júní og fyrstu dagarnir í júlí hafa verið viðburðaríkir í félagsstarfinu. Vorferðin á Langjökul heppnaðist mjög vel og var mjög skemmtileg þrátt fyrir ekki frábært skyggni, sem þó rættist úr.

Þann 22. júní hófst tækninámskeið þar sem yngri kynslóðin leiddi fræðsluna í ýmsum tæknimálum. Það heppnaðist ósköp vel og vakti mikla kátínu á meðal beggja aldurshópa. Því lauk þann 1. Júlí. Ef eftirspurn er fyrir upprifjunarnámskeiði fyrir þá sem voru á síðasta námskeiði eða þeim sem komust ekki þá er hægt að hafa samband við Alexöndru í síma 6626633.

Veðrið hefur ekki alveg verið upp á það besta síðastliðna daga en þrátt fyrir það höfum við fengið nokkra blíða daga og nýtt þá til dæmis í að spila boccia og þútt utandyra. Á þriðjudögum og föstudögum er farið í göngutúr og fólk hefur verið mjög duglegt að mæta í öllum veðrum. Bingó og félagsvist hefur verið í fullum gangi og er alltaf til skiptis á fimmtudögum kl. 13:30.

Þann 12. júlí var farið í ferð í Kríunes. Kríunes er sveitahótel og falin náttúruperla í Kópavogi við Elliðavatn. Eigandi Hótel Kríunes, Björn Ingi Stefánsson sýndi okkur um hótelið sitt og boðið var upp á kaffi og góðar veitingar á hótelinu. Við fengum einstaklega gott veður þrátt fyrir ekki svo góða spá.

Alexandra Dóra sér um félagsstarf eldri borgara í sumar ásamt þremur vinnuskólalíðum úr Valhúsaskóla, Jónu, Karólínu og Júlíönu. Ef einhverjar spurningar eða tillögur koma upp má endilega hringja í Alexöndru í síma 6626633 eða í netfangi: alexandra.dora.saemundsdottir@gmail.com.



Mynd úr ferðinni í Kríunes.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR



www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



## BÓKAÐ MÁL

### Slen



Það er rólegt og hljótt á bókasafninu. Sumarskær sólin skín fast á gluggana og loftið er þungt og þurr. Lítið heyrst annað en einstaka píp og fjarlæg upptökuröddin í sjálfsafgreiðslunni í Hagkaup. Við hreyfumst hægt og rólega áfram í vinnunni og það er einhver rólyndismolla yfir öllu. Einhvers konar *hundadagaslen*.

Tímabilið sem kallað er hundadagar á Íslandi hefst um miðjan júlí og lýkur seint í ágúst. Flestir tengja þennan tíma líklega við Jörund hundadagakonung sem gerði fræga byltingu hér á landi árið 1809 en færri vita hvaðan nafnið *hundadagar* er í raun komið. Í gegnum tíðina hafa verið settar fram ýmsar alþýðuskýringar eins og t.d. að hundar bítu gras á þessum tíma til að losna við slenið sem fylgir sumarhitunum og eins að smáhveli sem kölluð voru hundfiskar leituðu á land. En nafngiftin á rætur sínar að rekja til Forn-Grikkja og Rómverja sem kenndu heitustu sumardagana við stjörnuna Sírius sem er sú skærasta í stjörnumerkinu Stórahundi og var gjarnan kölluð *Canicula* eða *Hundastjarna* á Latínu. Hundadagarnir voru þá slæmi hluti sumarsins þegar hitinn var mestur og hafði neikvæð áhrif á gróður og skepnur.

Sumarhitinn er sjaldnast að kvelja okkur neitt svakalega hérna í Norðurhöfum en ekki er laust við að einhvers konar slen hellist yfir á þessum árstíma. Við þrífumst kannski best í kulda og strekkingi eftir allt saman. Bíðum allan veturinn eftir *góða veðrinu* en strax og hitamælirinn skriður upp fyrir fimmtán stig er okkur orðið „alltof heitt“.

En svo kemur allt í einu ágúst og myrkur aftur. Í *Sumarbókinni* lýsir Tove Jansson þessu vel:

*Í hvert sinn kemur náttmyrkið fyrirvaralaust ...*

*Enn er sumar en það er ekki lengur lifandi, það hefur numið staðar án þess að visna ...*

Við vitum að sumarið okkar er stutt og það er langt í það næsta. Látum því ekki hundadagaslenið hafa of mikil áhrif og njótum hitans og sólarinnar á meðan við getum.

Ef við erum alveg ómöguleg getum við alltaf bitið gras til að hressa okkur við.

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

## FALLEGIR LEGSTEINAR

**ERUM FLUTT**

Eyrartröð 16  
220 Hafnarfirði  
Opið 11-16  
alla virka daga



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði  
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

**Bergsteinar**  
legsteinagerð



# KATTAHALD Á SELTJARNARNESI

Sithvað skortir á að „Samþykkt um kattahald á Seltjarnarnesi“ sé nægilega vel úr garði gerð. Afleiðingarnar hafa valdið illindum meðal bæjarbúa. Ásakanir og kærur ganga á víxl.

Ég sem aðili að þessari firringu er þess fullviss að fólk sem ég hefi átt í útistöðum við sé þryðisfólk. Ef samþykktin væri nothæf hefði miskiðin ekki komið upp. Það hvílir á bæjarstjórn að búa svo um hnúta að líkur á úlfúð og ágreiningi meðal nágranna séu hverfandi.

## Gölluð samþykkt

Núgildandi samþykkt um kattahald segir ekkert um lausagöngu katta, hvorki heimilar hana né bannar. Í 5. grein samþykktarinnar eru skyldur kattaeygenda hinsvegar tíundaðar: „Eigendum og forráðamönnum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma. Einnig er þeim skylt að gæta þess að kettir valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna.“ Það þarf ekki lögræðimenntun til að skilja, að lausaganga katta getur aldrei verið RÍKJANDI réttur gagnvart 5. grein sem þá væri VÍKJANDI! Væri það svo, er 5. greinin tilgangslaus og einskis nýt! Lögreglusamþykkt Seltjarnarness tekur einnig í 4. grein á því er varðar ró manna: „Bannað er að hafast nokkuð að er veldur ónæði eða raskar nætturró.“

## Óviðunandi ástand

Það er ósamrýmanlegt að kettir njóti lausagöngu annarsvegar og að hins vegar sé verndun fuglalífs á varptíma háleitt markmið, að ekki sé nú minnst á svefnfriðinn! Það er ekki við kettina að sakast, veiði er þeirra eðli þótt heimiliskettir éti ekki bráð sína. Sú staða getur ekki viðgengist, að hvenær sem er megi búast við erjum og fjandskap meðal íbúa. Slíkt væri okkar góða bæjarfélagi síður en svo til vegsauka, jafnframt því sem þesslags uppákomur eru óþarfar, séu reglur meitlaðar í stein.

Ég skora því á nýja bæjarstjórn fersks fólks að gera gangskör að úrbótum hið fyrsta og leyfi mér að nefna tvö atriði sem nauðsynlegt er setja í endurbætta samþykkt:

Lausaganga katta verði bönnuð frá 1. maí til 31. júlí.

Fundin verði og vel áréttuð, skjótvirk úrræði fyrir þolendur í samræmi við 5. grein samþykktar um kattahald og 4. grein Lögreglusamþykktar.

Einnig verði þriðja, sjötta og níunda grein samþykta um kattahald, sem kveða á um skráningu og viðurlög, virkjaðar til fulls á ný. Þetta er því miður knýjandi nauðsyn, þar sem alltaf verður til fólk sem kys að túlka lög og reglur eftir sínum hentugleikum, nýtir sér smugur og óljós ákvæði, frekar en að sýna tillitsemi og una lögum og reglu.

## Verndum fuglalífið

Í okkar garði verpa 5 tegundir fugla. Skógarprestir, Svartprestir, Starar, Auðnutittlingur og Maríuerlur. Konan mín og ég áttum ketti í 40 ár. Þeir fengu aldrei að fara út á sumrin, nema þegar þeir tóku annaðhvort okkar með sér í göngu. Hefðarkettir hafa nefnilega þann skilning að þeir eigi okkur en ekki öfugt. Þetta staðfestir t.d. afbrýðisemi þeirra! Innivera kiskan var aldrei vandamál! Auk kvaða um svefnfrið sem kveðið er á um í 5. grein kattasamþykktar er eins og áður segir, vikið að fuglavernd yfir varptímamann. Hafa ber í huga að „veiðarnar“ eru fjarri því á jafnréttis grunni, því bráðin er ungar Prasta sem eru í senn ófleygir og ósjálfbjarga. Við höfum reynt hátíðnifælur. Þær skiluðu engu. Reyndum skífur utanum trjáboli sem báru engan árangur. Við höfum hvorki fundið kattakraga né annað hálstau sem dugir. Kattabjöllur eru einnig gagnslausar gegn klókum kikum.

Jón Hjaltason.



Jón Hjaltason.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



www.systrasamlagid.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

RECARO  
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is





## 6. flokkur karla á Orkumótinu í Eyjum



Eldra ár 6. flokks karla skellti sér á Orkumótið í Eyjum í lok júní.

Gróttu fór með þrjú lið á mótið og skemmtu drengirnir sér gríðarlega vel í Vestmannaeyjum! Gísli Björn Bjarnason var fulltrúi Gróttu í landsleik mótsins og var einnig valinn í lið mótsins. Mótið gekk mjög vel og fóru drengirnir með góðar minningar heim í farartekinu eftir helgina.

Mynd: Eyjólfur Garðarsson.

## 6. flokkur kvenna á ÓB móti Tindastóls



6. flokkur kvenna eyddi helginni 24.-26. júní á Sauðárkróki og kepptu stelpurnar þar á ÓB móti Tindastóls.

Gróttu fór með fimm lið á mótið og stóðu stelpurnar sig með þryði! Veðurguðirnir voru ekki beint með okkur í liði en stelpurnar létu rigningu og kulda ekki á sig fá. Það er alltaf mikil upplifun að fara á gístmót og stelpurnar fóru heim reynslunni ríkari með góðar minningar í farartekinu.

## Þrjú flokkar Gróttu á Norðurlásmótinu

Gróttustrákar úr 7. flokki karla skemmtu sér konunglega á hinu víðfræga Norðurlásmóti sem var haldið á Akranesi helgina 17.-19. júní.

Gróttu fór með sex lið á mótið og stóðu drengirnir sig gríðarlega vel, innan sem utan vallar! 8. flokkur karla og kvenna léku einnig á mótinu, en haldið var 8. flokks mót á Skaganum þann 16. júní. Úr 8. flokki Gróttu mættu sex lið til leiks, fjögur strákalið og tvö stelpulið, og skemmtu krakkarnir sér auðvitað mjög vel.

Mynd: Eyjólfur Garðarsson



## Tinna fyrst til að spila 100 leiki

Tinna Bjarkar Jónsdóttir, fyrirlíði Gróttu í fótbolta, náði þeim merka áfanga þann 18. júní sl. að spila sinn 100. leik fyrir Gróttu en hún er fyrsti leikmaður meistaraflokks kvenna sem nær þeim áfanga!

Fyrir leik Gróttu og Álftanes var Tinnu veittur blómvöndur frá knattspyrnudeildinni í tilefni dagsins. Leikurinn endaði þó í svekkjandi 1-1 jafntefli en María Lovísa Jónasdóttir skoraði eina mark Gróttu.

Knattspyrnudeild Gróttu óskar Tinnu innilega til hamingju með þennan glæsilega áfanga og megi hún verða fyrst af mörgum knattspyrnukonum félagsins til að ná honum.



Tinna Bjarkar Jónsdóttir.

## HANDBOLTASKÓLI GRÓTTU

2. - 19. ÁGÚST

LÍKT OG UNDFARIN ÁR VERÐUR HANDBOLTASKÓLI GRÓTTU Á SINUM STAD. SKÓLINN ER HALDINN DAGANA 2. - 19. ÁGÚST EN HÆGT ER AÐ SKRÁ SIG Á EINSTAKAR VIKUR. SKÓLINN ER KL. 09:00-12:00 EN BOÐIÐ ER UPP Á ÓKEYPIS GÆSLU FRÁ KL. 08:00 OG TIL KL. 13:00.

HANDBOLTASKÓLINN ER FYRIR KRAKKA F. 2016 - 2011 OG VERÐUR VEL TEKID Á MÓTI ÖLLUM BYRJENDUM.

SKRÁNING Í HANDBOLTASKÓLA GRÓTTU FER FRAM HÉRNA:  
WWW.SPORTABLER.COM/SHOP/GROTTA/HANDBOLTI



## Margrét í Gróttu

Margrét Björg Castillo hefur skrifað undir tveggja ára samning við Handknattleiksdeild Gróttu.

Margrét er 18 ára gömul, er örvhent og leikur aðallega sem hægri skytta. Hún er uppalin í Haukum en kemur til Gróttu úr Fram þar sem hún hefur leikið undanfarin ár. Í fyrra lék hún aðallega með ungmennalið Fram þar sem hún skoraði 35 mörk en einnig tók hún þátt í fjórum leikjum Fram í Olísdeildinni.





## Elvar Otri og Theis í Gróttu

Elvar Otri Hjálmarsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við Handknattleiksdeild Gróttu.

Elvar Otri er 21 árs gamall og var hluti af sigursælum 2000 árgangi í Fjölni í yngri flokkunum þar sem hann er uppalinn. Hann hefur leikið með meistaraflokki Fjölnis undanfarin fjögur ár.

Elvar leikur aðallega sem leikstjórnandi og skoraði 59 mörk í Grill 66-deildinni í fyrra. Hann er klókur leikmaður sem gaman verður að sjá í Gróttutreyjunni í Olísdeildinni í haust.

**Theis Koch Söndergård hefur samið við Gróttu um leika með liðinu á næstu leiktíð.**

Theis er tvítugur Dani sem kemur úr akademíu Álaborgar. Hann er fjölhæfur leikmaður sem getur bæði leikið sem skytta og leikstjórnandi. Theis er öflugur leikmaður sem styrkir vonandi leikmannahóp Gróttu fyrir komandi átök í Olísdeildinni.



## VERBÚÐARBALL 10. SEPT.

Gróttta heldur alvöru sveitaball sem heitir VERBÚÐARBALL 10. september í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi.

Verbúðarbandið ásamt Stebba Hilmars og Selmu Björns gerir allt vitlaust en í verbúðarbandinu er valinn maður í hverju rúmi undir stjórn hljómsveitarstjórans Vignis Snæs.

Verbúðarbandið er skipað: Vignir Snær Vigfússon hljómsveitarstjóri og gítarleikari. Þorbjörn 'Tobbi' Sigurðsson bassaleikari. Andri Guðmundsson hljómborðsleikari og Þorvaldur 'Doddi' Þorvaldsson trommari. Risastór leynigestur verður kynntur þegar nær dregur balli.

Tryggið ykkur miða í tíma en miðasala hefst mánudaginn 27. júní kl. 12:00. Forsalan er hafin á <https://tix.is/event/13489/verbu-arball/>. Sérstakt forsöluverð út júlí 4.990 kr. miðinn. Almennt verð: 5.990 kr. frá 1. ágúst fram að balli.



## Ingi Þór sigraði í alþjóðlegu unglíngamóti í golfi

Seltirningurinn Ingi Þór Ólafson sigraði í alþjóðlegu Global Junior unglíngamóti í golfi, Icelandic Junior Midnight Challenge, sem haldið var á Hlíðavelli hjá Golfklúbbsi Mosfellsbæjar dagana 27. til 29. júní sl. Þar mættu til leiks 60 keppendur þar af um 20 erlendir kylfingar.

Þessi mót eru sterk alþjóðleg mótaröð sem margir íslenskir kylfingar hafa tekið þátt í undanfarin ár. Inga Þór gekk mjög vel fyrsta daginn, þar jafnaði hann vallarmetið á Hlíðavelli og endaði með að sigra í 21 árs drengjaflokkinn ásamt því að vinna mótið í heild sinni, en hann lék hringina þrjá á 213 höggum (65-75-73). Með þessum sigri komst Ingi Þór á heimslista áhugamanna WAGR.



Á myndinni er Ingi Þór að taka við viðurkenningu fyrir sigurinn.

## TAKTU SUMARFRÍ á hverjum degi



Allir jógapakkinn  
Liðleiki og styrkur sumar, vetur, vor og haust.



Innra og ytra

Kristalsvatnsflöskur  
20% sumarafsláttur



Dekraðu við þig  
Fallegt úrval af gæða  
baðdekurvörum.  
Taktu sumarfrí á hverjum degi.

Mandörlur gefa lífinu gildi  
Fallegr orð og tákn fylgja  
út í lífið.



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-17  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367





Gerðu  
frábær  
kaup!

# SUMAR MARKAÐS- DAGAR

**25-50%**  
afsláttur af völdum vörum

**25%**  
afsláttur  
af reiðhjólum



**25%**  
afsláttur  
af gagnvarinni furu



**30-50%**  
afsláttur  
af garðhúsgögnum

**30%**  
afsláttur  
af útileguvörum



Skannaðu kóðann og  
skoðaðu tilboðin á [byko.is](http://byko.is)

SAMAN Í  
60 ÁR

**BYKO**